

Slageining taugalækningadeildar

Upplýsingar fyrir aðstandendur um hágæslu eftir brátt slag

Við brátt slag (e. stroke) skerðist heilastarfsemi vegna truflunar á blóðflæði til heila. Talað er um blóðþurrðarslag ef truflunin stafar af stíflaðri æð en heilablæðingu ef æð rofnar. Á slageiningu taugalækningadeildar fer fram nákvæmt og sérhæft eftirlit, svo nefnd hágæsla, með sjúklingum sem hafa fengið brátt slag. Slageiningin er staðsett á fjögurra manna stofu innan taugalækningadeildar á B2 í Fossvogi.

Hágæsla á slageiningu

Markmið hágæslu er að draga úr frekari skaða á heilavef og tryggja tafarlaus viðbrögð við versnun.

Á slageiningu starfa reyndir læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar, sjúkrabjálfarar og annað heilbrigðisstarfsfólk. Að minnsta kosti einn hjúkrunarfræðingur og einn sjúkraliði fylgjast allan sólarhringinn með ástandi sjúklinga og einkennum taugakerfis svo sem vökustigi, áttun og máttminnkun eða lömum.

Sjúklingar eru tengdir við hjartasírta sem gefa upplýsingar um hjartslátt, öndun, lífsmörk og súrefnismettun. Liður í eftirlitinu er að starfsfólk spyr ítrekað sömu spurninganna og biður sjúklinga um að fylgja ákveðnum fyrirmælum til að gera sér grein fyrir ástandi þeirra. Það er gert til að hægt sé að bregðast við strax ef þörf er á að aðlagast meðferð.

Bráðaendurhæfing

Um leið og ástand sjúklings leyfir er byrjað að vinna gætilega með hreyfingu. Þetta er gert til að koma í veg fyrir frekari vandamál líkt og lungnabólgu, þrýstingssár eða myndun blóðtappa. Líkur á slíkum vandamálum aukast ef virkni er lítil.

Aðkoma fjölskyldu og heimsóknir

Flestum er það erfið reynsla að einhver nákominn fái heilaslag. Það er fullkomlega eðlilegt að vilja vita hvernig hlutirnir þróast og hverjar batahorfurnar eru. Þó er mikilvægt að hafa í huga að fyrstu dagana eftir slag getur verið erfitt að spá fyrir um bata. Mikilvægt er að sýna þolinmæði, sjá hvernig ástandið þróast og hvort meðferð beri árangur.

Fyrir aðstandendur getur verið gott að skrifa niður spurningar sem vakna til að vera undirbúnir fyrir samtöl við starfsfólk deildarinnar, til dæmis fyrir skipulagða fjölskyldufundi eða þátttöku í stofugangi.

Samskipti við sjúkling á slageiningu

Nærvera aðstandenda skiptir miklu máli. Hér eru nokkur góð ráð:

- Haltu í höndina á sjúklingi, segðu hver þú ert og minntu á að þið séuð á sjúkrahúsi.
- Reyndu að nota einfaldar „já“ eða „nei“ spurningar ef hann er vakandi en á erfitt með að svara.
- Segðu til dæmis fréttir af fjölskyldunni eða talaðu um hluti sem þið hafið gert saman ef þú veist ekki hvað þú átt að segja. Einnig gætir þú reynt að lesa upphátt úr blaði eða bók. Sjúklingur gæti fundið fyrir snertingu eða heyrt rödd þína, þó hann geti ekki sýnt það. Huggun getur falist í að heyra rödd þína.
- Mundu að jafnvel þótt sjúklingur sýni ekki viðbrögð, gæti hann fundið fyrir nærveru þinni.
- Prófaðu að koma með tónlist sem er kunnug, myndir eða samskiptabók.

Heimsóknarreglur

Sjúklingar á slageiningu þola takmarkað áreiti. Að jafnaði er miðað við hámark einn gest í einu, nema annað sé skipulagt með hjúkrunarfræðingi. Börn eru yfirleitt ekki leyfð á slageiningunni.

Á dagvinnutíma er gjarnan erilsamt á deildinni. Ef komið er í heimsókn má gera ráð fyrir töluverðum biðtíma fyrir utan eininguna. Starfsfólk leiðbeinir um hvar hægt er að bíða og fá sér hressingu.

Heimsóknargestir eru beðnir um að sýna öðrum sjúklingum og aðstandendum á slageiningu nærgætni og taka hljóðið af símanum á meðan þeir eru í heimsókn.

Mikið veikir sjúklingar geta ekki gefið samþykki sitt fyrir myndatöku eða birtingu mynda, til dæmis á samfélagsmiðlum. Réttur sjúklinga á öllum aldri til friðhelgi einkalífs og verndunar persónuupplýsinga er lögbundinn.

Myndatökur og hljóðupptökur af starfsmönnum eru óheimilar nema að fengnu formlegu og fyrir fram undirrituðu leyfi hvers og eins.

Líðan og heilsa aðstandenda

Það er mikilvægt að aðstandendur sjúklinga hlúi að sjálfum sér. Hér eru nokkur ráð:

- Taka einn dag í einu.
- Velja einn tengilið innan fjölskyldunnar sem hefur samband við starfsfólk og miðlar upplýsingum til annarra.
- Borða reglulega, drekka nóg og fá nægan svefn.
- Biðja um aðstoð. Fjölskylda og vinir eru oft fús til að hjálpa með einföld verkefni eins og eldamennsku eða skutl.
- Skrifa niður spurningar fyrir fjölskyldufundi eða stofugang.

Landspítali hefur gefið út fræðsluefni um [sálræn áhrif veikinda](#) sem getur verið gagnlegt fyrir aðstandendur að kynna sér.

Frekari upplýsingar um slag

Heimasíða [Heilaheilla](#), félagasamtaka sem vinna að velferðar- og hagsmunamálum þeirra sem hafa fengið slag, veitir ítarlegar upplýsingar um heilaslag og þjónustu fyrir sjúklinga og aðstandendur.